



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 4/2016

Drög að reglum um tæknilega staðla vegna eiginfjárauka

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en miðvikudaginn 31. ágúst nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjól“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

1. júlí 2016

REGLUR

um tæknilega staðla vegna eiginfjárauka.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að viðhalda eiginfjárukum, sbr. 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr. *Tæknilegir staðlar vegna sveiflujöfnunarauka.*

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að viðhalda sveiflujöfnunarauka skal reikna gildi hans vegna landfræðilegrar starfsemi í samræmi við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2014 frá 14. júní 2014, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr. *Birting tæknilegra staðla.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2014 frá 4. júní 2014, til viðbótar við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um staðfestingu á landfræðilegri staðsetningu á viðeigandi áhættuskuldbindingu til þess að reikna út gildi sveiflujöfnunarauka fjármálafyrirtækis.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2014 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

[http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1448554276324&uri=CELEX:32014R1152.](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1448554276324&uri=CELEX:32014R1152)

4. gr. *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. mgr. 84. gr. d, sbr. a-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 1. október 2016.